

Iceland Resources ehf
Skipasund 82
104 Reykjavík.

Reykjavík, 9. ágúst 2021
Tilvísun: OS2021060023/50.4.5
Verknúmer: 3330300

Efni: Framsal á leyfi - Iceland Resources

Vísað er til erindis Iceland Resources ehf., dags. 3. júní 2021, þar sem Orkustofnun er upplýst um kaup kanadíska félagsins St. Georges Eco-Mining Corp og dótturfélags þess, Iceland Resources ehf., á öllu hlutafé í Melmi ehf. af Málmís ehf. Fram kemur að með undirritun kaupsamnings, dags. 23. október 2020, hafi Iceland Resources yfirtekið allar eignir Melmis ehf., gögn félagsins og rannsóknarleyfi, ásamt niðurstöðum rannsókna á grundvelli leyfa, og einnig öllum skuldbindingum félagsins á forsendum leyfa samkvæmt ákvæðum laga. Því til staðfestingar fylgir með erindi Iceland Resources með undirritun málsaðila.

Í erindinu er jafnframt, með vísan til 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (hér eftir auðlindalög), óskað eftir leyfi Orkustofnunar til yfirtöku Iceland Resources á leyfi Melmis ehf. til leitar og rannsókna á málmum á leyfissvæði nr. 14, Esja, gefið út 23. júní 2004, með síðari breytingum, og framlengt með breytingum og viðbótarskilyrðum þann 20. júní 2018 til 1. júlí 2023 (leyfi OS-2004-L001-02).

Rannsóknarleyfi á grundvelli auðlindalaga felur í sér framsal á rétti íslenska ríkisins til að leita að auðlindum í jörðu, sbr. 4. gr. laganna. Í VIII. kafla laganna er fjallað um þau skilyrði sem leyfishafa ber að uppfylla og ber leyfishafa jafnframt að fylgja þeim skilmálum sem settir eru við veitingu leyfisins og Orkustofnun telur nauðsynlega.


Orkustofnun hefur, við veitingu leyfa, lagt áherslu á að umsækjendur sýni fram á tæknilega og fræðilega getu til að sinna þeim rannsóknum sem fyrirhugaðar eru, að rannsóknaráætlanir séu raunhæfar og að fjármögnun liggja fyrir. Jafnframt er gengið eftir því að rannsóknir séu í raun stundaðar í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir, nema óviðráðanlegar aðstæður hindri og/eða rökstuddar ástæður liggja fyrir.

Iceland Resources er nú þegar handhafi tveggja leyfa til leitar og rannsókna á málmum, annars vegar á Tröllaskaga (leyfi OS-2017-L018-01) og hins vegar í Vopnafirði og Jökulsárhlíð (leyfi OS-2016-L011-01). Orkustofnun hefur mótttekið rannsóknaráætlanir félagsins fyrir þessi svæði fyrir árið 2021, ásamt og fyrir Esjusvæðið. Stofnunin hefur farið yfir þær áætlanir og fylgigögn félagsins og er það niðurstaða stofnunarinnar að Iceland Resources hafi burði til að sinna þeim rannsóknum sem fyrirhugaðar eru, og uppfylli því skilyrði þess að taka yfir réttindi og skuldbindingar Melmis varðandi svæði nr. 14, Esja.

Með vísan til framanritaðs veitir Orkustofnun hér með leyfi til framsals á leyfi Melmis ehf., kt. 690496-2679, til leitar og rannsókna á málmum á svæði 14, Esja, sem upphaflega var veitt þann 23. júní 2004

(leyfi OS-2004-L001-02), til Iceland Resources, kt. 530706-2220, með vísan til 32. gr. auðlindalaga, ásamt og með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í leyfinu.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra


Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur


Kristján Geirsson
verkefnisstjóri